



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Sent á umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 20. mars 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 101. mál

Samtök iðnaðarins („SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 101. mál, 156. löggjafarþing.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum í greinargerð með tillögunni byggir fyrirbyggjandi tillaga á endurmati verkefnastjórnar 5. áfanga áætlunarinnar. Tillagan var að hluta til unnin út frá tilmælum sem fram komu í nefndaráli meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar á 152. löggjafarþingi. Í tillögum verkefnastjórnar, nánar tiltekið í 3. lið eru tilteknir liðir í A-lið 2. tölul. færðir úr biðflokki í verndarflokk sbr. A-lið 3. tölul. Þannig er m.a. lagt til að virkjanir í Skatastaðavirkjun C, Skatastaðir D og Villinganesvirkjun (Héraðsvötn) og Kjalölduveitu verði settar í verndarflokk rammaáætlunar. Samtökin gagnrýna harðlega flokkun umræddra virkjunarkosta og leggja áherslu á að allir virkjunarkostir sem fjallað er um í tillögunni verði áfram flokkaðir í bið með þeim rökum sem farið verður yfir hér í framhaldi.

Samtökin hafa ítrekað lýst yfir þungum áhyggjur af stöðu raforkumála á Íslandi og hafa komið á framfæri ábendingum í lengri tíma um að stefni í raforkuskort, með neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið allt. Því miður eru þær áhyggjur á rökum reistar þar sem raforkuverð hækkaði um ríflega 15% á síðasta ári skv. mælingum Hagstofunnar¹. Undanfarin ár hefur afhending á raforku verið skert og hafa þær skerðingar valdið því að útflutningstekjur voru 14-17 milljörðum króna minni en ella². Ástæða þessa er sú að framboð raforku hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins. Ljóst er að eftirspurn raforku mun aukast á næstu árum meðal annars vegna orkuskipta, vegna aukinnar verðmætasköpunar og almenns vaxtar í takt við fólksfjölgun. Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir að markmiðum sínum muni ríkisstjórnin ná með aðgerðum til að auka orkuöflun, styrkja flutningskerfi og bæta orkunýtni þannig að stutt verði við orkuskipti og verðmætasköpun um allt land. Samtökin hafa ítrekað kallað eftir viðbrögðum stjórnvalda um að beita öllum tiltækum ráðum til að ráðast að rót vandans og fagna því stefnu stjórnvalda í málaflokknum. Stöðugt og tryggt framboð raforku er grunnur að atvinnu- og byggðarþróun sem og verulega mikilvægt öryggismál fyrir bæði almenning og atvinnulíf um

¹ <https://www.si.is/frettasafn/veruleg-haekkun-raforkuverds>

² https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Greining-SI_Tapadar-utflutningstekjur-vegna-raforkuskerdingar-17-05-2024.pdf



land allt. Hins vegar gengur sú tillaga sem hér er til umfjöllunar þvert á markmið stjórnvalda um að auka raforkuöflun til lengri og skemmri tíma.

Þá vilja samtökin minna á að skv. 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber að friðlýsa þau svæði sem falla í verndarflokk. Það er því mikil ábyrgð sem fylgir því að flokka virkjanakosti í þann flokk fyrir utan að það gengur í berhögg við stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna öflun raforku.

Samtökin leggja áherslu á að viðvarandi jarðhræringar á Reykjanesskaga skapa óvissu um tilvist og uppbyggingu jarðvarmavirkjana á Suðvesturhluta landsins. Að sama skapi er mikilvægt að huga að uppbyggingu orkukosta utan áhrifasvæða vegna mögulegra afleiðinga jarðhræringa á Bárðabungusvæði sem myndi ógna öryggi virkjana á Suðurlandi. Í því samhengi vilja samtökin árétta mikilvægi þess að stjórnvöld tryggja virkjunarkosti utan eldvirkra svæða og gagnrýna því harðlega fyrirhugaða breytingu á flokkun Skatastaðavirkjunar yfir í verndarflokk. Um er að ræða stærsta virkjunarkostinn í vatnsaflí og jafnframt hagkvæmasta til framtíðar með tilliti til samspils vatnsfalls og vindorku. Með vísan til staðsetningu, hagkvæmni og þjóðaröryggi er afar áríðandi að Skatastaðavirkjun verði ekki sett í verndarflokk.

Hvað Kjalölduveitu varðar þá benda samtökin á að málsmeðferð og umfjöllun þess virkjanakosts hefur verið gagnrýnd fyrir að samræmast ekki ákvæði laga nr. 48/2011. Í almennum athugasemdum í greinargerð með tillögunni kemur fram að verkefnastjórn hafi aflað gagna og upplýsinga um málsmeðferð kostsins, lögfræðilegrar ráðgjafar og ráðgjafar frá faghópum 1 og 2. Þannig hafi verkefnastjórnin tryggt að virkjunarkosturinn hafi nú fengið fullnægjandi meðferð og leggur til að virkjunarkosturinn verði flokkaður í verndarflokk. Samtökin leggja áherslu á hagkvæmni umræddes virkjanakosts þar sem fyrir eru miðlanir og virkjanir á Þjórsársvæði. Samtökin hvetja stjórnvöld til þess að Kjalölduveitu verði ekki raðað í verndarflokk en fremur tekin til umfjöllunar í 6. áfanga rammaáætlunar.

Þessu til viðbótar benda SI á að núverandi staða er viðkemur flutningskerfi raforku er með öllu óásættanleg þar sem nauðsynleg uppbygging kerfisins hefur tafist úr öllu hófi. Í ljósi þessa aðgerðarleysis í uppbyggingu og viðhaldi á flutningskerfi er kerfið bæði fulllestað sem og ekki hefur tekist að flytja raforku á milli landshluta á meðan framboð hefur ekki haldið í við eftirspurn. Þannig má segja að raforka hefur runnið óbeisluð til sjávar þar sem ekki hefur verið unnt að flytja hana landshluta á milli. Í því skyni benda SI á að virkjunarkostir á við Héraðsvötn geta þjónað mikilvægu hlutverki að tengja saman eyjakerfi í flutningskerfi Landsnets. Því leggja samtökin ríka áherslu á að núverandi staða í raforkumálum kallar á bæði aukna og dreifða raforkuvinnslu sem styrkir orkuöryggi á landsvísu.

Fyrir þinginu liggur tillaga um raforkuöryggi, mál nr. 130, sem miðar að því að tryggja raforkuöryggi almennings. Þar er m.a. horft til langtímaframboðs raforkukosta. Með því að útiloka hagkvæma kosti, eins og lagt er til í því máli sem hér er til umfjöllunar, er vegið að raforkuöryggi landsmanna til lengri tíma litið. Því er mikilvægt að útiloka enga virkjanakosti á þessu stigi máls heldur horfa til þess að orkuöflun mæti þörfum samfélagsins, styðji við orkuskipti og verðmætasköpun.



Samtökin gera ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Samtökin lýsa sig reiðubúin til að funda um málefnið sem og að taka þátt í frekara samráði um útfærslu eftir því sem óskað er.

f.h. Samtaka iðnaðarins,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigurður Hannesson', written over a horizontal line.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri